

Hagstjórn í heimsfaraldri Hvað tókst vel og hverjar er horfurnar?




Kapphlaup smita og bólusetninga

- Smitum fjölgaði víða hratt í sumar í kjölfar útbreiðslu Delta-afbrigðis veirunnar ... en hefur fækkað á ný hér á landi
- Meirihluti íbúa iðnríkja bólusettur – hlutfallið óvígða jafn hátt og hér
- Hefur því dregið úr hættu á alvarlegum veikindum og gert stjórnvöldum kleift að slaka á sóttvörnum
- Tæplega þriðjungur bólusettur á heimsvísu


Ný dagleg tilfelli af COVID-19¹

1. febrúar 2020 - 23. september 2021



Fjöldi fólks sem er fullbólusett²

1. janúar 2021 - 22. september 2021






1. Sjö daga hreyfanlegt meðaltal. 2. Hlutfall fólks sem talið er fullbólusett samkvæmt viðmiði heilbrigðisyfirvalda. Norðurlönd eru meðaltal Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Sjö daga hreyfanlegt meðaltal.

Heimildir: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Covid.is, Johns Hopkins University, Our World in Data.

Hægfara bati útflutnings eftir áföll síðasta árs



- Útflutningur dróst saman um 30% í fyrra – þjónustuútflutningur um 50% en vöruútflutningur um tæplega 9%
- Hægfara en skrykkjóttur bati útflutnings
- Ferðamönnum fjölgaði hratt í sumar: 337 þús. frá janúar til ágúst - 75% af fjölda á sama tíma 2020 en 24% af fjölda 2019
- Spáð 680 þús. ferðamönnum á árinu öllu og tæplega 15% vexti útflutnings alls í ár (11% í PM 21/2)



1. Árstíðarleiðréttar magnvísitölur. 2. Uppsafnaður fjöldi hvers árs. Punkturinn sýnir heildarfjölda 2021 samkvæmt grunnsþá Seðlabankans. 3. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn heildarútflutningi. Ferðaþjónusta er samtala á „ferðalögum“ og „farþegaflutningum með flugi“. Álútflutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. Grunnsþá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2.
Heimildir: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

V-laga hagvöxtur og verulegur sparnaður

- Einkaneyslan sveiflast mikið milli fjórðunga
- Sparnaðarhlutfall vel fyrir ofan meðaltal síðustu ára
- Hagvaxtahorfur betri í ár samkvæmt ágústspá en maíspá - 4% í stað 3,1% - aðallega vegna hagstæðara framlags utanríkisviðskipta
- Horfur á svipuðum hagvexti á næsta ári - en hægari vexti 2023 (2%)




1. Við útreikning á hlutfalli sparnaðar er miðað við áætlun Seðlabankans um ráðstöfunartekjur frá PM 2021/3. Árstíðarleiðrétt gögn. 2. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hvað fólst í samdrættinum?


- **Fjármálakreppan 2008:** Innlend eftirspurn dróst mikið saman - framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar jákvætt – framlag hins opinbera neikvætt
- **Covid áfallið:** Aðallega útflutningur sem dróst saman – framlag utanríkisviðskipta neikvætt - hið opinbera veitti mótspyrnu
- Samdráttur einkaneyslu - minni hér en í flestum löndum

Verg landsframleiðsla og framlag helstu undirliða 2005-2023¹



1. Innlend eftirspurn einkaaðila er samtala framlags einkaneyslu, atvinnuvega- og íbúðafjárfestingar auk birgðabreytinga. Eftirspurn hins opinbera er samanlag framlag samneyslu og fjárfestingar hins opinbera. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023 sem birtist í *Peningamálum* 2021/3. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Stærð og samsetning efnahagssamdráttar 2020¹




1. Framlag annarrar innlestrar eftirspurnar er samtala framlags samneyslu, fjármunamyndunar og birgðabreytingar, auk mögulegs skekkjuliðar þar sem samtala framlags undirliða þarf ekki að vera jöfn hagvexti vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga. Tölur fyrir Noreg eru án vinnslu og flutnings á olíu og gasi. Heimildir: Hagstofa Íslands, Noregsbanki, OECD.


Mótvægisáðgerðir hins opinbera skiptu máli

- Afkoma hins opinbera versnaði vegna sértækra mótvægisáðgerða en einnig vegna sjálfvirkrar sveiflujöfnunar
- Gert ráð fyrir að þessi þróun snúist við á næsta ári þegar mótvægisáðgerðir renna sitt skeið og efnahagsbatinn heldur áfram
- Tilfærslur og framleiðslustyrkir jukust mikið með mótvægisáðgerðum en samneysluútgjöld jukust einnig umtalsvert
- Fjárfesting hins opinbera verið minni en áætlanir gáfu til kynna
- Umfang beinna mótvægisáðgerða í takt við það sem verið hefur hjá ríkjum innan ESB en meira en á Norðurlöndunum

Breyting á hagsveifluleiðréttum frumjöfnuði ríkissjóðs 2018-2023¹



Útgjöld hins opinbera 1. ársfj. 2019 - 2. ársfj. 2021



Mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19²






1. Frumjöfnuður er leiðréttur fyrir einkisliðum. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023 úr *Peningamálum* 2021/2. 2. Beinar aðgerðir á borð við útgjöld og eftirgjöf tekna og óbeinar aðgerðir á borð við hlutafjárframlög, lánveitingar, ábyrgðir stjórnvalda sem samþykktar hafa verið vegna COVID-19 farsóttarinnar frá janúar 2020. Einfalt meðaltal aðgerða Norðurlandanna og ríkja innan ESB. Uppfært í júlí 2021.

Heimildir: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Störfum fjölgar og atvinnuleysi minnkar

- Störfum fjölgar hratt, atvinnuþáttaka eykst stöðugt og hlutfall starfandi er orðið svipað og það var fyrir farsóttina
- Atvinnuleysi hefur minnkað hraðar en gert var ráð fyrir í vor: mælist nú líðlega 5% miðað við VMK en skráð atvinnuleysi mælist meira eða 6½% ... hlutfall þeirra sem vilja vinna meira eða eru á jaðri vinnumarkaðar hefur einnig lækkað töluvert
- Spáð að atvinnuleysi verði 6,5%(6,7%) í ár, 5½%(6,3%) 2022 og 5%(6%) 2023 sem er svipað og það var í aðdraganda farsóttarinnar



1. Fjöldi starfandi fólks skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) og fjöldi launafólks skv. staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Launafólk 16-74 ára inniheldur einnig þá sem voru í fæðingarorlofi og þá sem voru með reiknað endurgjald. Launafólk alls undanskilur þá hópa en inniheldur launafólk á öllum aldri. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttra talna. Gögn fyrir launafólk eru árstíðarleiðrét af Seðlabanka Íslands. 2. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttra talna. 3. Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla en slaki á vinnumarkaði sem hlutfall af mannafla með mögulegri viðbót. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttra talna.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

Verðbólga jókst á ný í september

- Verðbólga hefur verið yfir 4% frá áramótum - fór í 4,6% í apríl, var 4,3% í ágúst en jókst í 4,4% í september
- Undirliggjandi verðbólga var 3,7% í september og heldur áfram að minnka
- Verðbólga án húsnæðis minnkaði töluvert frá því í ágúst og var 2,9%
- Áhrif gengislækkunar í fyrra fara greinilega minnkandi: hratt hefur dregið úr verðhækkunum innfluttrar vöru en einnig innlendirar


Verðbólga á ýmsa mælikvarða¹

Janúar 2015 - september 2021



Undirliðir verðbólgu

Janúar 2017 - september 2021





Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukennndra matvöru-liða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV).

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hærra gengi og hækkun launa og húsnæðis vegast á


- Gengið hækkað um 3% frá áramótum og 9½% frá því það var lægst í sept. 2020 ... er þó enn 5½% lægri en í upphafi faraldurs
- Gengishækkun vegur á móti áhrifum kröftugrar viðspyrnu innlendrar eftirspurnar sem kemur m.a. fram í töluverðum launahækkunum og verðhækkun húsnæðis
- Kröftugur efnahagsbati og mikil eftirspurn ásamt framleiðslutrufnunum vegna farsóttar og annarra framboðsáfalla hafa leitt til mikillar hækkunar á olíu- og hrávöruverði og flutningskostnaði og lengt afhendingartíma



1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þröng viðskiptavog). 2. Gildi fyrir 3. ársfjórðung 2021 byggist á tölum fyrir júlí og ágúst.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Horfur á að verðbólga hjaðni hægar en spáð var

- Gert ráð fyrir að verðbólga hjaðni í 2,5% verðbólgumarkmiðið á seinni hluta næsta árs
- Óvissa um
 - Hversu hratt slakinn minnkar,
 - Hækkun alþjóðlegs hrávöruverðs og kostnaðarþrýstings vegna framleiðslutruflana



Aðgerðir vegna COVID-19

2020

Vextir voru lækkaðir um 2 prósentur



Aðgangur lánastofnana að lausafé var aukinn



Gjaldeyrisinngripum beitt í samræmi við stefnu bankans



Kaup hafin á ríkisskuldabréfum



2021

Vextir hækkaðir um 0,75 prósentur



Varúðarkröfur á fjármálakerfið færðar nær fyrra horfi



Gjaldeyrisinngripum aðeins beitt til að takmarka skammtímasveiflur



Ríkisskuldabréfakaup lögð á hilluna



Hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána lækkað og hámark sett á greiðslubyrði fasteignalána

